

ÚTKOMIÐ Í A-DEILD STJÓRNARTÍÐINDANNA 1924.

Konungleg auglýsing um, að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 21. júní 1924.

Konungleg auglýsing um, að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 30. júní 1924.

Tilskipun um breyting á og viðauka við tilskipun nr. 84, 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík, undirskrifuð af konungi 4. ágúst 1924.

Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 19, 4. júní 1924, um nauðasamninga, undirskrifuð af konungi 14. okt. 1924.

Tilskipun um lyf og læknishjálp í íslenskum skipum, undirskrifuð af konungi 1. des. 1924.

Opið brjef, er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar 7. febrúar 1925, undirskrifað af konungi 15. des. 1924.

Konungsbrjef um setning Alþingis, undirskrifað af konungi sama dag.

Auglýsing um ákvæði, sem sett hafa verið milli konungsríkisins Íslands og konungsríkisins Svíaríkis, um gagnkvæma vernd fyrir vörumerki, undirskrifuð af forsætisráðherra 30. des. 1924.

Auglýsing um samning milli konungsríkisins Íslands og hins sameinaða konungsríkis Bretlands hins mikla og Írlands, um endurnýjun á sáttmála, er undirritaður var í London 25. október 1905, um gerðardóm í nokkrum málum, undirskrifuð af forsætisráðherra sama dag.

Auglýsing um ákvæði, er stjórn Íslands og sambandsstjórn Austurríkis hafa orðið ásáttar um að gilda skuli um verslunarviðskifti milli landanna, undirskrifuð af forsætisráðherra sama dag.

Auglýsing um ákvæði, er stjórn Íslands og stjórn Portúgals hafa orðið ásáttar um, að gilda skuli um verslunarviðskifti milli landanna, undirskrifuð af forsætisráðherra sama dag.

Auglýsing um verslunarsamning milli konungsríkisins Íslands og konungsríkisins Spánar, undirskrifuð af forsætisráðherra sama dag.

Auglýsing um skipun og skifting starfa ráðherra o. fl., undirskrifuð af ráðherra sama dag.

REGLUGJÖRÐ

um

hundahald í Keflavíkarkauptúni.

1. gr.

Í kaupúninu Keflavík mega 5 íbúar kaupúnsins, er hafa grasnyt og fjenað, hafa, að fengnu leyfi hreppsnefndarinnar, 1 hund hver.

1

19. jan.

1
19. jan. Skyldur er hver hund eigandi að hlýta ákvæðum reglugjörðar fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu um lækningu hunda af bandormum o. fl. frá 30. júní 1901.

2. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 100—1000 krónur, og er hver hundur rjettdræpur, sem fyrirfinst á kaupþúslóðinni, nema hann fylgi manni utan kaupþúnsins.

3. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 30. janúar 1925 og skal fyrir þann dag fá leyfi hreppsnefndar fyrir ofantalda 5 hunda.

Reglugjörð þessi staðfestist hjer með samkvæmt lögum nr. 8, 4. júní 1924 og birtist til leiðbeiningar öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. jan. 1925.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.

2
26. jan. STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Girðingarsjóð Runólfs Halldórssonar á Rauðalæk, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dóms- og kirkjumálaráðherra, 26. janúar 1925. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Girðingarsjóð Runólfs Halldórssonar á Rauðalæk.

1. gr.

Stofnfje sjóðsins er 120 krónur, sem er andvirði fyrir litla landspildu, er gekk undan Efri-Rauðalæk 1923.

2. gr.

Girðingarsjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

3. gr.

Í næstu 200 — tvö hundruð — ár skulu allir vextir af Girðingarsjóðnum árlega leggjast við höfuðstólinn.